

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is



13. fundur Framkvæmdanefnd um uppbyggingu knatthúss á Ásvöllum, þann 2. nóvember 2021, kl. 16:00.

Fundurinn fór fram á Ásvöllum og á teams

Starfshópur:

Kristinn Andersen, formaður		mættur
Samúel Guðmundsson		mættur
Karl Guðmundsson		mættur
Brynjar Þór Gestsson		forföll
Daði Lárusson		mættur

Með starfshópnum starfa:

Geir Bjarnason	Íþrótt- og tómsundurfulltrúi	forföll
Rósa Steingrimsdóttir	Sviðstjóri fjármálasviðs	forföll
Magnús Gunnarsson	Framkvæmdastjóri Hauka	mættur
Sigurður Haraldsson	Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs	mættur

Gestir fundarins:

Helgi Már Halldórsson	Arkitekt og framkvæmdastjóri ASK arkitektum	mættur
Haukur J. Eiríksson	Byggingarverkfræðingur Hnit	mættur
Pétur Vilberg Guðnason	Byggingarverkfræðingur Strendingi	mættur

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Staða hönnunar.

Helgi Már fór yfir að forhönnunarskýrslu knatthússins dagsett okt. 2021. Eftirfarandi var rætt sérstaklega:

- Forhönnun eins og hún er kynnt er í megin atriðum samþykkt og óskað eftir að hönnuðir haldi áfram vinnu með það að markmiði að ljúka næsta áfanga hönnunar, það er aðaluppdráttum
- Haft verði í huga við hönnunina að möguleiki verði að útbúa hæð ofan á þjónustubyggingu án þess að hönnun á þeirri hæð fari fram.
- Langtjald, ekki þarf að gera ráð fyrir því í hönnun hússins.
- Hönnuðir skoði möguleika á því að hluti af svæði utan vallar verði með sama undirlagi (gervigrasi) og völlum þannig að varamenn og mögulega leikmenn fyrir leik hafi möguleika á því að hita upp utan vallar og á með leikur/æfing er í gangi.
- Áfram er þó ósk um gerviefna yfirborði umhverfis völlum eftir því sem við verður komist.

- Bekkir verði þannig að hægt sé að draga þá inn. Mögulega má setja gerviefni undir þann hluta bekkjanna sem dragast út.
- Horfa skal til þess að hægt sé að koma fyrir í geymslu og mögulega með tengingu inn í sal/styrktaraðstöðu frá knattspyrnusal.
- Horfa til þess að koma fyrir kynskiptum sturtum helst í báðum búningsettunum og mögulega verði hægt að færa meistaraflokksklefana yfir í þetta hús, (skoða þarf hvaða áhrif það hefur á stærð klefanna).
- Gera ráð fyrir öryggislínunum á þaki strax í hönnuninni fyrir viðhald og þjónustu. Hönnun á því kann að vera utan við samning og við tókum þá á því sérstaklega.
- Hússtjórnarkerfi. Óskað eftir að hönnuður geri minnisblað um kosti hússtjórnarkerfis á þessu stigi. Greitt verður fyrir minnisblaðið á tímagjaldi samnings.
- Skoða þarf sérstaklega stórviðburði, þannig að öllum möguleikum sé haldið opnum.

2. Staða matsáætlunar framkvæmda.

Lögð fram matsáætlun framkvæmda skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, matsáætlunin er unnin af VSÓ ráðgjöf. Vegna áætlunarinnar var borað niður á 16 stöðum á Ásvöllum

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:15

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.